

*Rauðagerði 27.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 10. ágúst 1999, breytingu á deiliskipulagi fyrir Rauðagerði 27. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Borgartún 25-27 og 31.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 14. júní 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Borgartún 25-27 og 31. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Teigahverfi, syðri hluti.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 02. júlí 2002, deiliskipulag fyrir Teigahverfi, syðri hluta. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 14. ágúst 2002.*

**Helga Bragadóttir**, skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.

## AUGLÝSING

### um sérstakt svæðisskipulag fyrir Kárahnjúkavirkjun.

Samkvæmt 5. mgr. 15. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. ágúst 2002 staðfest sérstakt svæðisskipulag fyrir Kárahnjúkavirkjun.

Svæðisskipulagið gerir ráð fyrir virkjun Jökulsár á Dal með stíflum við Fremri-Kárahnjúk, syðst í Hafrahvammagljúfri og tveimur hjástíflum, Sauðárdalsstíflu og Desjárstíflu. Við það myndast miðlunarlón, Háslón, sem verður allt að 57 km<sup>2</sup> að flatarmáli. Þaðan er vatni veitt út í Jökulsá í Fljótsdal skammt frá Valþjófsdal. Jökulsá í Fljótsdal er stífluð neðan við Eyjabakkafoss og vatni úr henni er veitt um jarðgöng inn í aðrennslisgöng Kárahnjúkavirkjunnar. Þá er vatni af Hraunum veitt til Jökulsár í Fljótsdal. Skipulagssvæðið nær yfir áhrifasvæði fyrirhugaðrar Kárahnjúkavirkjunnar í Fljótsdalshreppi, Norður-Héraði, Fellahreppi og Austur-Héraði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Í undirbúningi er breyting á afmörkun friðlands í Kringilsárrana til samræmis við fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu.

Svæðisskipulag þetta öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 15. ágúst 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*